



2293. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn miðvikudaginn 5. maí 2023 og hófst kl. 16:15. Fundurinn var haldinn á Akranesi.

Mættir stjórnarmenn: Vanda Sigurgeirsdóttir formaður, Borghildur Sigurðardóttir varaformaður Sigfús Ásgeir Kárason varaformaður, Halldór Breiðfjörð Jóhannsson, Helga Helgadóttir, Orri V. Hlöðversson (tók þátt í fundinum í gegnum Teams fjarfundabúnað), Pálmi Haraldsson, Tinna Hrund Hlynisdóttir og Unnar Stefán Sigurðsson.

Fjarverandi: Ívar Ingimarsson

Mættur varamaður: Sigrún Ríkharðsdóttir (tók sæti Ívars Ingimarssonar)

Mættur framkvæmdastjóri: Klara Bjartmarz sem ritaði fundargerð.

Fundargögn:

- Fundargerð síðasta fundar (2292)
 - Heiðursmerkjalisti Leiknis R
-

1. Formaður KSÍ greindi stjórn frá fundi sínum og framkvæmdastjóra með fulltrúum Akraneskaupstaðar, þeim Haraldi Benediktssyni bæjarstjóra, Steinari Adolfssyni sviðsstjóra og Alfreð Alfreðssyni sviðsstjóra. Einnig sátu fundinn fulltrúar Knattspyrnufélags ÍA, þeir Eggert Herbertsson formaður og Eyjólfur V. Gunnarsson framkvæmdastjóri. Rædd voru ýmis sameiginleg hagsmunamál, m.a. um aðstöðu og ferðakostnað, auk þess sem rætt var um það hvernig fjárfesting í íþróttum skilar sér margfalt til baka í bættri lýðheilsu.
2. Fundargerð síðasta fundar var þegar samþykkt
 - a. Fundargerð 2292.
3. Fundargerðir nefnda voru lagðar fram til kynningar
 - a. Dómaranefnd 11. apríl 2023.
 - b. Mótanefnd hefur fundað ört undanfarna daga og verða fundargerðir þeirra funda tilbúnar á næsta stjórnarfundi.
4. Ársþing KSÍ
 - a. Lagt var fram til kynningar yfirlit yfir efnisflokkun tillagna/hugmynda frá þingfulltrúum og mögulega úrvinnslu. Stjórnarfolk var beðið um að kynna sér yfirlitið og koma ábendingum á framfæri við framkvæmdastjóra.
 - b. Rætt um ársþing 2024. Fram, Fjölur, Haukar, Höttur og Sindri hafa lýst yfir áhuga á að koma að framkvæmd komandi ársþinga. Framkvæmdastjóra var falið að rýna málið betur og bera fram tillögu til stjórnar varðandi ársþingið 2024. Skoða þarf hvort að hægt sé að taka tillit til skólafría.
5. Lög og reglugerðir
 - a. Engar tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum lágu fyrir fundinum.
6. Skipan í nefndir og starfshópa
 - a. Áfram var unnið með skipan í nefndir sambandsins. *Stjórn samþykkti eftirfarandi fulltrúa í nefndir:*

Samninga- og félagaskiptanefnd

- ✓ Borghildur Sigurðardóttir, formaður
- ✓ Gísli Guðni Hall
- ✓ Eva Halldórsdóttir
- ✓ Unnar Steinn Bjarndal, til vara

- ✓ Ragnar Baldursson, til vara
- ✓ Kolbrún Arnardóttir, til vara

Heilbrigðisnefnd

- ✓ Reynir Björn Björnsson, formaður
- ✓ Ásta Árnadóttir
- ✓ Haukur Björnsson
- ✓ Róbert Magnússon
- ✓ Sigrún Arnardóttir

Frestað var skipan í knattspyrnu- og þróunarnefnd.

b. Stjórn samþykkti eftirtalda í starfshópa:

Umsjón með heiðurs- og landsliðsviðurkenningum

- ✓ Halldór Breiðfjörð Jóhannsson var skipaður í starfshópinn og falið það hlutverk að finna áhugasamt fólk með sér.

Kynjajafnrétti

- ✓ Tinna Hrund Hlynsdóttir, formaður
- ✓ Halldór Breiðfjörð Jóhannsson
- ✓ Haukur Hinriksson
- ✓ Klara Bjartmarz
- ✓ Anna Þorsteinsdóttir, fulltrúi HKK
- ✓ Fulltrúi Sambands íslenskra sveitafélaga
- ✓ Fulltrúi frá Forsætisráðuneytinu
- ✓ Birgir Jóhannsson, ÍTF

Starfshópur um varalið (tillaga frá 77. ársþingi KSÍ)

Stjórn samþykkti að fresta skipan í starfshóp um varalið (sbr. tillögu á 77. ársþingi). Endurmeta þarf fyrirkomulagið í Bestu deild kvenna eftir tímabilið áður en skoðað verður fyrirkomulag annarra deilda kvenna svo og þarf að endurmeta aðra þætti tímabilsins.

Starfshópur um leyfismál

Þá var einnig frestað skipan í starfshóp um leyfismál.

7. Verkefni milli funda

- Stofnfundur ungmennaráðs var haldinn 27. apríl sl. Ellefu ungmenni sátu fundinn. Rifjað var upp Ungmennapeing KSÍ og var til dæmis rætt um dómgæslu, hegðun foreldra, andlega líðan iðkenda og stelpur í þjálfun. Á næsta fundi, í lok maí, mun ráðið setja sér markmið fyrir árið og siðareglur. Ráðið mun starfa í eitt ár, frá maí 2023 til maí 2024 og lýkur árinu með Ungmennapeing KSÍ þar sem nýtt ungmennaráð verður myndað. Leifur Ingi Eysteinnsson og Sóley Guðmundsdóttir eru starfsmenn ráðsins.
- Rætt var um verkefni á vettvangi UEFA, m.a. varðandi jafnréttismál í stjórn og nefndum UEFA og nafnagift móta. Einnig var rætt um innfylliefni í gervigrasvelli og þær sviptingar sem framundan eru í þeim málum.
- Rætt var um framboð til íþróttamannanefndar ÍSÍ þar sem Sif Atladóttir var í framboði. Sif náði ekki kosningu í nefndina en var skipaður varamaður.
- Rætt um stefnumótun KSÍ sem unnin er með UEFA. Stefnumótunin er á lokametrinum og verða drög lögð fyrir stjórn fljótlega.

8. Mótamál

- Stjórn KSÍ ræddi um mótamál. Helga Helgadóttir formaður mótanefndar fór yfir þær veigamiklu breytingar á leikjum í efstu deildum sem hafa orðið undanfarna daga og stjórn ræddi um þessar breytingar. Vandamál hafa skapast vegna vallaraðstæðna en svigrúm til breytinga er minna en áður vegna lengingar mótsins. Þá spila Evrópukeppnir félagsliða og

úrslitakeppnir U19 landsliða einnig inn í. Stjórn samþykkti að fela laga- og leikreglanefnd og mótanefnd að fara yfir og skýra heimildir varðandi færslur leikja.

- b. Stjórn KSÍ ræddi um dómaramál. Halldór B Jóhannsson formaður dómara nefndar og Klara Bjartmarz framkvæmdastjóri greindu stjórn frá hótun sem barst dómara sambandsins vegna starfa hans við leik í meistaraflokki. Málið er komið í viðeigandi farveg. Stjórn KSÍ lítur málið alvarlegum augum og fordæmir framkomu sem þessa. Rætt var um átaksverkefni vegna framkomu við dómara, en undirbúningur þess verkefnis er þegar hafinn.
- c. Rætt var um erfitt starfsumhverfi sjálfboðaliða og starfsmanna íþróttahreyfingarinnar.

9. Landsliðsmál

- a. Rætt um úrslitakeppnir U19 karla og kvenna og fjárhagsáætlun fyrir mótin lögð fram. Ljóst er að mótin eru kostnaðarsöm fyrir KSÍ en ekki var gert ráð fyrir þessum kostnaði í fjárhagsáætlun KSÍ fyrir árið 2023. Framkvæmdastjóri staðfesti að sótt hafi verið um í afrekssjóð ÍSÍ vegna úrslitakeppnanna sbr. heimild í reglugerð sjóðsins þar að lútandi.
- b. Rætt um U21 kvenna en UEFA býður ekki upp á mót fyrir þann aldursflokk. Tekið er á þessu máli í stefnumótun KSÍ og skoða þarf það vel til framtíðar ásamt öðrum jafnréttismálum og greiningu á því hvar betur má gera. KSÍ mun halda áfram að beita sér fyrir málinu á vettvangi UEFA.
- c. Rætt um landsliðsverkefni framundan, m.a. vináttuleik Íslands og Finnlands í A kvenna á Laugardalsvelli í júlí. RÚV, sem á forkaupsrétt á sýningarrétti vináttuleikja A kvenna, ætlar ekki að sýna leikinn. Skoða þarf aðrar lausnir.

10. Önnur mál

- a. Framkvæmdastjóri KSÍ var fulltrúi sambandsins í 115 ára afmæli Fram 1. maí síðastliðinn. Við það tækifæri voru eftirtaldir sæmdir gullmerki KSÍ: Daði Guðmundsson, Aðalsteinn Aðalsteinsson og Elín Þóra Böðvarsdóttir. Silfurmerki fengu þau Þór Björnsson, Guðrún Elísabet Árnadóttir og Sigrún Edda Erlendsdóttir.
- b. Rætt um 50 ára afmæli Leiknis R. þann 17. maí næstkomandi. Skoða þarf tillögur Leiknis að heiðursmerkjum og var framkvæmdastjóra falið að leiða það mál til lykta. Borghildur Sigurðardóttir varaformaður og Klara Bjartmarz framkvæmdastjóri verða fulltrúar KSÍ í afmælinu.
- c. Rætt um tillögur og framboð á ÍSÍ þinginu. Stjórnarfolk var hvatt til þess að kynna sér tillögurnar og koma ábendingum á framfæri til þingfulltrúa KSÍ.
- d. Næstu stjórnarfundir:
 - ✓ 24. maí
 - ✓ 14. júní
 - ✓ 20. júní (stjórn, varamenn og landshluta fulltrúar)

Fleira var ekki tekið til umræðu og var fundi slitið kl. 18:40.

Klara Bjartmarz
Fundarritari